

# Almenn skilyrði til þátttöku í prófkjöri

Frambjóðendur sem hyggjast taka þátt í prófkjöri á vegum Sjálfstæðisflokksins þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði til þátttöku:

Frambjóðandi í prófkjöri þarf að vera skráður í Sjálfstæðisflokkinn.

Frambjóðandi þarf að skila inn framboði rafrænt með auðkenningu í gegnum [island.is](http://island.is)

Hverju framboði skulu fylgja meðmæli 20-100 flokksfélaga sem lögheimili eiga í kjördæminu. Kjörnefnd ákveður hámarksfjölda meðmælenda.

Frambjóðandi skal greiða þátttökugjald í prófkjörinu sem kjörnefnd viðkomandi kjördæmis ákveður. Framboð telst ekki gilt fyrr en gjaldið hefur verið greitt skv. nánari ákvörðun kjörnefndar.

Frambjóðandi skal greiða tryggingu til Sjálfstæðisflokksins við afhendingu kjörskrár. Upphæð tryggingar er ákveðin af skrifstofu Sjálfstæðisflokksins og er hún að fullu endurgreidd þegar eintaki af kjörskrá hefur verið skilað og/eða eytt með fullnægjandi hætti. Frambjóðandi undirritar trúnaðaryfirlýsingu um meðferð kjörskrár og eið þess efnis að viðkomandi muni í einu og öllu fylgja reglum flokksins og landslögum við meðferð skrárinnar.

Á meðan prófkjöri stendur skal allt efni sem frambjóðendur senda frá sér í ræðu og riti vera á ábyrgð og í nafni viðkomandi frambjóðanda. Óheimilt er að merkja slíkt efni með merkjum flokksins. Einnig er óheimilt að setja slíkt efni fram með öðrum hætti í nafni Sjálfstæðisflokksins.

Frambjóðandi skal kynna sér [prófkjörsreglur](#) Sjálfstæðisflokksins og fylgja þeim.

Framkvæmd prófkjörs til Alþingis er á ábyrgð kjörnefndar í hverju kjördæmi og eftir atvikum yfirkjörstjórnar sem starfar í umboði kjörnefndar.

**Nánari upplýsingar veitir starfsfólk Sjálfstæðisflokksins í s. 515-1700.**